

02.02.2022

# Borgargata og torg í Árbæ

**Eva Þrastardóttir**
Borgarhönnuður




**Yfirlitsmynd**

1. hluti og heildarverk




**Yfirlitsmynd**

1. hluti og heildarverk






## HELSTU ÁHERSLUR

- ✓ Gatan er afmörkuð nánar sem borgargata og skal fá sérstakan forgang við endurhönnun gatna í hverfinu, sjá uppdrátt.
- ✓ Borgargötuna skal endurhanna og fegra og bæta skal aðgengi fyrir alla samgöngumáta. Útfærsla á sér stað á hönnunarstigi.
- ✓ Hverfistorgum er komið fyrir til móts við Rofabæ 7, við Ársel og Rofabæ 30.
- ✓ Staðsetning afmörkuð fyrir grenndarstöðvar vegna meðhöndlunar á úrgangi.
- ✓ Staðsetning afmörkuð fyrir rafhleðslustæði og deilibíla.
- ✓ Fjöldi bílastæða er skilgreindur í skilmálum.
- ✓ Sett eru sérstök ákvæði um vistvænar áherslur, þ.m.t. ofanvatnslausnir, gróður og flokkun úrgangs innan lóðar.
- ✓ Í leiðbeiningum hverfisskipulags er að finna nánari útlistun á skipulags- og byggingarskilmálum fyrir svæðið, sérstaklega varðandi hönnun opinna svæða.
- ✓ Ónýttar byggingarheimildir sem fram koma í þeim deiliskipulagsáætlunum sem falla úr gildi með gildistöku hverfisskipulagsins halda sér í skipulagsskilmálum hverfisskipulags.

**Yfirlitsmynd**

1. hluti og heildarverk




**Yfirlitsmynd**

1. hluti og heildarverk



# GÁTLISTI UM VISTVÆNA BYGGÐ

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er skilgreindur gátlisti fyrir visthæfi byggðar. Gátlistanum er ætlað að gefa borgaryfirvöldum vísbendingar um visthæfi mismunandi hverfa með það að markmiði að móta tillögur og aðgerðir til úrbóta.

Með vistvænum lausnum og umhverfisvænni hugsun er kröfum samtímans mætt um leið og með ábyrgum hætti er gætt að hag komandi kynslóða. Aðgerðir sem byggja á þessum sjö lykiláherslum munu styrkja hverfi borgarinnar og gera hana fallegri og heilsusamlegri. Með þessum aðgerðum verður Reykjavíkurborg í forystu við innleiðingu vistvænna lausna og sjálfbæra þróun í skipulagi.

Hafa skal gátlista um vistvæna byggð að leiðarljósi við hönnun og útfærslu verksins.

**SAMFÉLAG**
- ✓ Mism. þjóðfélagshópar geti búið að starfað og sótt verslun og þjónustu í nærumhverfi sitt

**GÆÐI BYGGÐAR**
- ✓ Að hverfið myndi fallega og lifandi umgjörð um daglegt líf og aðlaðandi staði sem ýta undir góð samskipti íbúa

**SAMGÖNGUR**
- ✓ Að gangandi og hjólandi umferð ásamt almenningssamgöngum verði sett í forgang

**VISTKERFI OG MINJAR**
- ✓ Tryggja og varðveita náttúrulegan fjölbreytileika lands, lífríkis og menningarminja

**ORKA OG AUÐLINDIR**
- ✓ Ýta undir sjálfbærari nýtingu orku og auðlinda, auka kolefnisbindingu og stuðla að betri meðhöndlun úrgangs og aukinni endurvinnslu

**NÁTTÚRUVÁ**
- ✓ Taka tillit til áhættu vegna náttúruhamfara

**MANNVIRKI**
- ✓ Vistvænar og sjálfbærar lausnir við nýbyggingar og endurbætur






# Gátlisti um vistvæna byggð

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er skilgreindur gátlisti fyrir visthæfi byggðar. Gátlistanum er ætlað að gefa borgaryfirvöldum vísbendingar um visthæfi mismunandi hverfa með það að markmiði að móta tillögur og aðgerðir til úrbóta.

Með vistvænum lausnum og umhverfisvænni hugsun er kröfum samtímans mætt um leið og með ábyrgum hætti er gætt að hag komandi kynslóða. Aðgerðir sem byggja á þessum sjö lykiláherslum munu styrkja hverfi borgarinnar og gera hana fallegri og heilsusamlegri. Með þessum aðgerðum verður Reykjavíkurborg í forystu við innleiðingu vistvænna lausna og sjálfbæra þróun í skipulagi.

Hafa skal gátlista um vistvæna byggð að leiðarljósi við hönnun og útfærslu verksins.

Við frum- og forhönnun var lögð áhersla á að skapa heilsueflandi umhverfi sem hvetti til hreyfingar og félagslegrar samvistar íbúa og gesta. Horft var til fjölbreyttra þarfa mismunandi hópa með sérstaka áherslu á börn og ungmenni. Við hönnun var stuðlað að aðgengi fyrir alla og vistvænir ferðamátar settir í forgang.

Leitast var við að skapa eftirsóttarverðan stað fyrir fólk að heimsækja og dvelja á. Finna sérkenni svæðisins og efla staðaranda. Þá var gert ráð fyrir list í almenningsrýmum sem tekur þátt í að auðga umhverfið, leik og líf.

Í verkhönnun skal áfram leitast við að uppfylla sömu gildi og hér koma fram sem og þau sem fram koma í hverfisskipulagi.

**Orka og Auðlindir**

- ✓ Ýta undir sjálfbærari nýtingu orku og auðlinda, auka kolefnisbindingu og stuðla að betri meðhöndlun úrgangs og aukinni endurvinnslu

**Náttúruvá**

- ✓ Taka tillit til áhættu vegna náttúruhamfara

**Mannvirki**

- ✓ Vistvænar og sjálfbærar lausnir við nýbyggingar og endurbætur

**Yfirlitsmynd**

1. hluti og heildarverk

# AÐDRÁTTARAFL & MANNLÍF

Markmiðið er að skapa **almenningsrými** sem búa yfir aðdráttarafli og eru í senn skjólsæl, aðlaðandi og hönnuð út frá algildri hönnun. Torgið og gatan eiga að mynda eina stóra heild og tvinna saman ólík svæði norðan og sunnan Rofabæjar, frá verslunum í norðri til kirkjunnar í suðri.

Vegleg **almenningsvagnastöð** verður við torgið og í tengslum við hana viðverusvæði uppbyggt með steyptum tröppum sem eru í senn gróðurbeð og sæti. Gestir snúa þá til suðurs og í skjóli frá norðanáttinni. Tækifæri er fyrir innsetningu listar í almannarými og/eða annarra götugagna með ígildi leiks á þessu svæði.

Upphækkuð **gróðurbeð** með innbyggðum bekkjum og lýsingu eru notuð til þess að skapa vistleg og aðlaðandi almenningsrými. Þau eru staðsett milli gönguleiða og malbikaðra flata til að mynda hlýlega og vistlega umgjörð um borgargötuna. Hellulögn skal markvisst notuð til þess að brjóta upp stóra fleti og spinna saman torgsvæði og götur. Lagt er til að **snjóbræðsla** verði sett á torgsvæðið fyrir betra aðgengi. Til að bæta **hljóðvist** við Rofabæ er hægt að setja hljóðvegg við lóðarmörk.

**Setbekkir** skulu vera með reglulegu millibili, að hámarki 100 m, eftir götunni til að auðvelda öllum aldurshópum að ferðast um svæðið. Bekkir eru ýmist sem hluti af gróðurbeðum, sem list í almannarými eða hefðbundnir bekkir. **Stampar** undir úrgang skulu settir reglulega eftir götunni og á torginu. **Grenndarstöðvar** í formi djúpgáma verða staðsettar á torgi norðan Rofabæjar ásamt fleiri gámum sem þykja viðeigandi en eru almennt ekki neðanjarðar.

**Hjólaaðgengi** er bætt eftir borgargötunni með nýjum hjólastígum. Fyrirhugað er að setja drykkjarfont, setsvæði, hjólastæði, pumpu og jafnvel fleiri hjólatengd atriði sem ýta undir að mynda áfangastað fyrir hjólreiðafólk sunnan Rofabæjar. Norðan Rofabæjar verða hjólastæði og jafnvel aðstaða til að hlaða örflæðisfararmáta.

Aðkoma að **bílastæðum** kirkjunnar verður færð til vesturs þegar farið verður í gerð torgsins sunnan Rofabæjar og með því myndast betri tenging milli hins nýja torgsvæðis og núverandi torgs við Árbæjarskóla. Bílastæði í borgarlandi norðan Rofabæjar eru fjarlægð og í stað þeirra verður nú torg fyrir almenning að njóta. Þar myndast tækifæri fyrir rekstur að teygja sig út á torgið og lagt verður upp úr því að mynda skjól fyrir vindi úr norðri og skapa sólríkt viðverusvæði.

***staður til að mæla sér mót***




*Efnisval á mynd er leiðbeinandi og stemningsgefandi, ekki fastsett hvað varðar liti eða mynstur*



# FLÆÐI & SVÆÐI




**Yfirborðsefni**
Yfirborðið í heild sinni er einsleitt en aukinn fjölbreytileiki á yfirborðsefnum einkennir leiðina milli verslunarmiðsvöðvar og kirkju með aukinni litasamsetningu hella, grágrýtisböndum og öðru yfirborði sem brýtur upp svæðið. Þetta á einnig við um önnur svæði sem skulu einnig brotin upp með náttúrusteini og helluböndum. Til dæmis til að afmarka hjólastæði, set- og viðverusvæði eftir gönguleiðinni meðfram götunni, svæði kringum list í almannarými, og umhverfis gróðurbeð svo fátt eitt sé nefnt. Upphækkuð svæði eru hellulögð og hellur notaðar í hraðalækkandi hlykkjum akstursleiða. Þá eru akreinar og hjólastígar malbikaðir.

**Gangandi vegfarendur**
Gönguás frá norðurhluta svæðisins, suður að Árseli og kirkju, þ.e kirkjuleiðin hefur verið styrkt. Hluti þeirrar leiðar er innan þessa verkhluta en hluti er utan. Gönguleiðir eftir borgargötunni eru misbreiðar og tvinnast skemmtilega saman með fjölbreyttum gróðri og misháum gróðurbeðum sem umlykja vegfarendur. Er þetta gert til að lífga upp á upplifun vegfarenda eftir langri, beinni götunni.

Gönguþveranir, gangbrautir og upphækkuð svæði eru vel staðsett þar sem mestur fjöldi gangandi vegfarenda ferðast yfir götuna milli hverfishlutanna norðan og sunnan Rofabæjar sem og vestur og austur yfir Bæjarbrautina.

**Örflæðisferðamátar**
Nýir malbikaðir hjólastígar verða lagðir eftir borgargötunni. Þeir eru næst akbraut en lega þeirra hlykkist smávægilega í takt við hlykki akbrauta. Skemmtilegt verður að hjóla í lifandi umhverfi og upplifunin fjölbreytt eftir götunni og yfir torgsvæðið.

**Vélknúin umferð**
Rofabær og Bæjarbraut eru lykilgötur í hverfinu sem tengja íbúa við ýmiskonar þjónustu. Borgarlínuleið er fyrirhuguð eftir Rofabæ og strætóleið eftir báðum götunum. Núverandi strætóstöðvar á Rofabæ sitt hvoru megin við Bæjarbraut sameinast í eina veglega stöð við frístundamiðstöð, skóla, verslunarrými og hverfismiðjuna.

Yfirborð akbrauta er hækkað upp við nokkur gatnamót með hellulögðu svæði. Með því er leitast við að stýra umferðarhraða og bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Akstursleið hefur einnig verið lögð með hlykkjum til að halda niðri hraða og yfirborðsefni valin þannig að þægilegt sé að aka eftir miðju akreina en yst á þeim séu grófari hellur sem einnig stuðla að lægri hraða. Kantsteinar eru forsteyptir til að ýta undir miðbæjarbrag og hæð þeirra 6 cm yfir malbikshæð og 2 cm yfir upphækkuðum flötum.




***vegfarendur staldra við, líta upp og upplifa***

Markmiðið er að skapa **almenningsrými** sem búa yfir aðdráttarafli og eru í senn skjólsæl, aðlaðandi og hönnuð út frá **algildri hönnun**. Torgið á að mynda eina stóra heild og tvinna saman ólík svæði norðan og sunnan Rofabæjar, frá verslunum í norðri til kirkjunnar í suðri.

Aðkoma að **bílastæðum** kirkjunnar verður færð til vesturs og með því myndast betri tenging milli hins nýja torgsvæðis og **núverandi torgs** við Árbæjarskóla. Bílastæðin við Ársel verða færð og samnýtt með bílastæðunum hjá kirkjunni, með því verður gangandi aðkoma að kirkjunni og frístundaheimilinu bílfrí. Bílastæði í borgarlandi norðan Rofabæjar eru fjarlægð að mestu og í stað þeirra verður nú torg fyrir almenning að njóta. Þar myndast tækifæri fyrir **rekstur** að **teygja sig út á torgið** og lagt verður upp úr því að mynda **skjól fyrir vindi úr norðri** og skapa sólríkt viðverusvæði.

Upphækkaðar **gróðurvinar** með innbyggðum bekkjum og **lýsingu** eru notuð til þess að brjóta upp stóra fleti á torgarsvæðinu, beggja vegna við Rofabæinn. **Aðkoma** að kirkjunni verður bætt, bæði við nærsvæði kirkjunnar og aðgengi gangandi vegfarenda. Hellulögn torgsins skal markvist notuð til þess að brjóta upp stóra fleti og spinna saman torgsvæðin norðan og sunnan Rofabæjar með upphækkuðum gatnamótum og við núverandi torg til austurs.

**Hjólaaðgengi** er bætt til og frá dalnum. Við **lautardvalarsvæðið** er fyrirhugaður **drykkjarfontur**, **setsvæði**, **hjólastæði**, **pumpa** og jafnvel fleiri hjólatengd atriði sem ýta undir að mynda áfangastað fyrir hjólreiðafólk. Lagt er til að fjölga **hjólastæðum** við Ársel á sama svæði og þau eru í dag fyrir nemendur. **Sorptunnur** við Ársel eru á sama stað og í dag en hafa verið rammaðar inn með runnagróðri.

**Setbekkir** skulu vera með reglulegu millibili á torginu til að auðvelda öllum aldurshópum að ferðast um svæðið. Að ósk hverfisbúa skal bætt við stömpum undir úrgang á hinu nýja hverfistorgi. **Grenndarstöðvar** í formi djúpgáma verða staðsettar á torgi norðan Rofabæjar ásamt fleiri gámum sem þykja viðeigandi en ekki eru almennt neðanjarðar. **Rafhleðslustæði** verða staðsett vestast á bílastæði svo stuðla megi að notkun vistvænni orkugjafa.

***ein heild með aðgengi allra***

# TORG & MANNLÍF







**Sjónás að kirkju styrktur**
Gatnamót upphækkuð




**Sjónás að kirkju styrktur**

Gatnamót upphækkuð




**Sjónás að kirkju styrktur**

Gatnamót upphækkuð



**Kirkjutorg og viðverusvæði gesta hennar**

Einungis hreyfihamlaðir og viðburðatengdir
bílar aka þar upp að



**Kirkjutorg og viðverusvæði gesta hennar**

Einungis hreyfihamlaðir og viðburðatengdir bílar aka þar upp að








**Kirkjutorg og viðverusvæði gesta hennar**

Einungis hreyfihamlaðir og viðburðatengdir bílar aka þar upp að






**Kirkjutorg og viðverusvæði gesta hennar**

Einungis hreyfihamlaðir og viðburðatengdir
bílar aka þar upp að

| 120 m langt svæði - skipt upp í 3 viðverustaði | 120 m langt svæði - skipt upp í 3 viðverustaði | 50 m langt torg - skipt upp í 3 viðverustaði | 1700 m2 almenningsgarður- skipt upp í 4 viðverustaði | 3000 m2 flötur - skipt upp í 3 svæði |
|---|---|---|---|---|








## Kirkjutorg og viðverusvæði gesta hennar

Einungis hreyfihamlaðir og viðburðatengdir bílar aka þar upp að

**120 m langt svæði - skipt upp í 3 viðverustaði**



**120 m langt svæði - skipt upp í 3 viðverustaði**



**50 m langt torg - skipt upp í 3 viðverustaði**



**1700 m2 almenningsgarður- skipt upp í 4 viðverustaði**



**3000 m2 flötur - skipt upp í 3 svæði**






**20 m langar tröppur - Sama lengd og okkar lengstu**





**Þetta torg er 1/3 af stærð okkar - Markaður, leikur, tónleikar rúmast vel**









**Pallasetsvæði/ Torg í bið í Árbæ**



**100 m héðan yfir í Bankastræti**



# Kirkjutorg og viðverusvæði gesta hennar

Einungis hreyfihamlaðir og viðburðatengdir bílar aka þar upp að

# FLÆÐI & SVÆÐI




**Kirkjutorgið**
Torgið fyrir framan kirkjuna þar sem áherslan er á að fagurt umhverfi taki á móti kirkjugestum, taki um þá og skalinn verði þægilegri en í dag. Þar verða gróðurbeð og bekkir með lýsingu.

**Listin og leikurinn**
Milli kirkjutorgsins, lautarinnar, sleppistæðanna og Ársels er rými þar sem mismunandi göngu- og hjólastraumar mætast. Þar er svæði fyrir listaverk sem hefur ígildi leiks. Listaverkið mun sjást úr mörgum áttum og er þar yrirhugað verk sem vinnur einnig með áttir þar sem fólk er að koma héðan og fara þangað o.s.frv. sem á vel við.

**Lautin**
Svæði við Ársel þar sem mótuð verður laut. Lautin er hugsuð til að mynda skjól en norðan við hana verður sett gróðurbeð sem einnig mun stuðla að skjólmyndun. Lautin er mynduð með stórum tröppum niður á við, lagðar grasi og ýmis tækifæri fyrir leik-innsetningu á þessu svæði.

**Vistvæna hornið**
Svæðið norðan Rofabæjar er tileinkað endurvinnslugrenndargámum og sem svæði til og frá borgarlínustöð. Það er einfalt og snýst helst um að girða af grenndargáma, djúpgáma sem og flösku- og fatagáma, með gróðurgerði. Þá er gróður notaður til að skerma af bílastæðið norðan við og norðanáttina. Rými er fyrir setsvæði, leik eða list rekstur til að fljóta út í almenningsrými.

Með þesum mismunandi viðverusvæðum er hinum stóra skala sem er á svæðinu í dag skipt niður í mannlegri og þægilegri.

***sól & skjól***




**Innblástur frá Elliðaárdal í hönnun**

Í formi og efni




# Innblástur frá Elliðaárdal í hönnun

Í formi og efni



**Kirkju-ás styrktur**

Það sem sést þegar komið er til og frá kirkju






**Kirkju-ás styrktur**

Það sem sést þegar komið er til og frá kirkju



**Geymslustæði stórra ökutækja fært**

Eru að sækja þjónustu annarstaðar






**Geymslustæði stórra ökutækja fært**

Eru að sækja þjónustu annarstaðar



**Geymslustæði stórra ökutækja fært**

Eru að sækja þjónustu annarstaðar

*Niðurstöður – bílastæðanýting í grennd við Árbæjarkirkju*

Niðurstöður handtalningar sem fóru fram kl 13:00 – 13:30 á stærra svæði gefa til kynna að talsvert framboð sé af bílastæðum á svæðinu. Af 779 bílastæðum voru 406 þeirra nýtt (52% nýting) en sjá má bílastæðanýtingu eftir talningarsvæðum á mynd 5 hér að neðan og í töflu 1 í viðauka.




**MYND 5** Niðurstöður handtalningar. Fyrir hvert talningarsvæði eru sýndur fjöldi stæða og nýting þeirra. Bílastæðanýtingin fer yfir 80% á 4 svæðum (merkt með gulum eða rauðum lit) en talsvert er af bílastæðum í næsta nágrenni við þau svæði.

Niðurstöður talningarinnar gefa til kynna að talsvert framboð er af bílastæðum í grennd við Árbæjarkirkju á þeim tíma sem útfarir eiga sér stað en rétt er að taka fram að aðeins bílastæðin í Hábæ og Hlaðbæ ásamt bílastæðunum við Árbæjarlaug eru í eigu borgarinnar.



**Innkeyrsla færð**

Umferð fer þá ekki öll framhjá Árseli og Árbæjarkirkju



**Innkeyrsla færð**

Umferð fer þá ekki öll framhjá Árseli og Árbæjarkirkju





**Innkeyrsla færð**

Umferð fer þá ekki öll framhjá Árseli og Árbæjarkirkju





**Innkeyrsla færð**

Umferð fer þá ekki öll framhjá Árseli og Árbæjarkirkju






**Innkeyrsla færð**

Umferð fer þá ekki öll framhjá Árseli og Árbæjarkirkju



**Svæði yngri kynslóðarinnar**

Graslundur tengist Árseli, torgi við skóla,
skutla-sækja svæði, hjólaaðstöðu og listaverki


Svæði yngri kynslóðarinnar
Graslundur tengist Árseli, torgi við skóla,
skutla-sækja svæði, hjólaaðstöðu og listaverki




**Svæði yngri kynslóðarinnar**

Graslundur tengist Árseli, torgi við skóla,
skutla-sækja svæði, hjólaaðstöðu og listaverki







Listaverkið er staðsett á mótum gönguleiða á Árbæjartorgi. Þar mætast nemendur á leið í eða úr skóla eða félagsstarfi í Árseli, þar ganga kirkjugestir heim að og frá kirkjunni og þar um fara gestir á bílastæðinu.

Hluti af verkinu eru tveir setbekkir og nokkrir hnallar úr grásteini sem settir eru í næsta nágrenni þess. Á öðrum setbekknum er yfirskrift verksins: undur og stórmerki. Á hnallana eru grafin atviksorðin: innanað og utanfrá.

Vel má hugsa sér að gera sérstakar trjágrindur fyrir Árbæjartorg.

## *innanað & utanfrá*








# UNDUR & STÓRMERKI

Árbæjartorgi er ætlað að vera samkomustaður ólíkra hópa á öllum aldri; nemenda Árbæjarskóla, íbúa Árbæjarhverfis, kirkjugesta Árbæjarkirkju og annarra sem þar geta átt leið um.

Hugmyndin að listaverkinu á rætur í stefnumóti slíkra hópa og hugsanlegum áhrifum þeirra hvers á annan. Í slíkri mannlífsdeiglu kristallast hugmyndin um margbreytileikann og stöðuga mótun og tilurð nýrra atburða. Líf er hreyfing og allt er nýtt á hverri stundu.

Spíralhreyfing getur verið táknmynd endurtekningarinnar, en spírallinn gengur samt sem áður aldrei tvisvar í sama farið og er því miklu fremur frásögn um framrás tímans. Þegar hann svo hefur ýmist stækkandi eða minnkandi þvermál eða snýst annaðhvort rangsælis eða réttsælis, er hann í formgerð sinni táknmynd hins einstaka.

Í miðju verkinu mætast þrír spíralar og þar er óreiðan mest. Þannig eru vendipunktar lífsins og þau undur og stórmerki sem lífið reynist vera í framvindu sinni. Við höfum áhrif hvert á annað með hegðun okkar og framferði. Hreyfing, snerting og þátttaka eru mótandi þættir í vitundarlífi hvers og eins.

## *Stefnumót ólíkra hópa*

Listaverkið er staðsett á mótum
Þar mætast
skóla eða
kirkjugestir
þar um fara

setbekkir og
settir eru í
Á öðrum
ksins: undur
eru grafin
á.

a sérstakar












# UMFERÐ & AÐKOMA




**Gönguleiðir**
Aðgengi er bætt á gönguleiðum við hönnun torgsins og borgargatnanna sem um það liggja. Gangandi skulu þvera götur í sömu hæð og gangstétt, með leiðarlínum og aðvörunarflötum. Götugögn eru utan við gönguleiðir og bekkir eru staðsettir meðfram gönguleiðum. Yfirborðsefni skulu vera vönduð og falleg en á sama tíma hentug með tilliti til aðgengis fyrir alla.

Gönguás frá norðurhluta svæðisins, suður að Árseli og kirkju, þ.e kirkjuleiðin hefur verið styrkt. Kirkjuleiðin er misbreið og tvinnast skemmtilega saman með fjölbreyttum gróðri og misháum gróðurbeðum sem umlykja vegfarendur að kirkju. Yfirborð torgsins í heild sinni er einsleitt en aukinn fjölbreytileiki á yfirborðsefnum einkennir kirkjuleiðina með aukinni litasamsetningu hella, grágrýtisböndum og öðru yfirborði sem brýtur upp svæðið. Þetta á einnig við um önnur svæði á torginu sem verða einnig brotin upp með náttúrusteini og hellulböndum. Til dæmis til að afmarka stæði hreyfihamlaðra, sleppistæði, umhverfis gróðurbeð svo fátt eitt sé nefnt.

**Hjólaleiðir**
Nýir hjólastígar verða lagðir eftir borgargötunni en þegar komið er að torginu tekur við yfirborðslögn torgsins og sérmerktir hjólastígar hætta. Þeir halda svo áfram þegar yfir torgið er komið og haldið er áfram eftir götunni. Á torginu sjálfu eru hjólandi í blandaðri umferð með gangandi og hugsunin sú að einhverjir mögulega staldri við, líti upp og upplifi opnun svæðisins. Skemmtilegt verður að hjóla í lifandi umhverfi og upplifunin fjölbreytt á torgsvæðinu.

Hjólandi þvera götur í sömu hæð og hjólastígur. Fyrirhugað er að hjólatengdum götugögnum verði komið fyrir á torginu við lundinn sem þannig fær tilgang sem upphafs-, miðju- eða endapunktur hjólaferðar.

**Akstursleiðir**
Rofabær og Bæjarbraut eru lykilgötur í hverfinu sem tengja íbúa við ýmiskonar þjónustu. Borgarlínuleið er fyrirhuguð eftir Rofabæ og strætó eftir báðum götunum. Yfirborð akbrauta er hækkað upp við gatnamótin með hellulögðu svæði. Með því er leitast við að stýra umferðarhraða og bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Pollar eru utan um akreinar til að varna því að ekið sé inn á torgið.

Annað yfirborð er á innkeyrslu inn á bílastæði torgsins en akreina gatnanna. Með því er dregið úr vægi þessa arms gatnamótanna og kantsteinn heldur áfram meðfram Rofabæ af sömu ástæðu. Þá er hlykkur settur á akstursleið inn að bílastæði og gróðurbeð mætir augum gesta sem hið fyrsta á bílastæðinu.

***vegfarendur staldra við, líta upp og upplifa***


SNYRTISTOFA
Gangbraut og strætóstöð
Strætóstöðvar sameinast í miðpunkti




**Gangbraut og strætóstöð**

Strætóstöðvar sameinast í miðpunkti










**Gangbraut og strætóstöð**

Strætóstöðvar sameinast í miðpunkti

# UMFERÐ & GÖTURÝMI




**Gangstéttir og hjólastígar**
Aðgengi er bætt á göngu- og hjólaleiðum við hönnun borgargatnanna og torganna. Gangandi og hjólandi skulu þvera innkeyrslur í hæð. Leiðarlínur og aðvörunarfletir skulu settir þar sem við á samkvæmt reglum þar um. Götugögn eru utan við gönguleiðir. Yfirborðsefni skulu vera vönduð og falleg en á sama tíma hentug með tilliti til aðgengis fyrir alla.

Milli hjólastígs og gangstéttar er 2 cm hæðarmismunur, útfærður með umferðarkantstein. Hjólastæði verða nyrst á torgi í tengslum við almenningsvagnastöð og verslunarrými. Einnig verða hjólabogar á völdum stöðum eftir borgargötunni og fráleggsrými fyrir rafskútur. Lagt er til að kanna hvort setja megi upp hleðslustöðvar fyrir rafhjól eða aðra örflæðisfararmáta.

**Almenningsvagnastöðvar**
Núverandi strætóstöðvar við Rofabæ, sitt hvoru megin við Bæjarbraut, verða sameinaðar í eina veglega almenningsvagnastöð við skólann, félagsmiðstöðina og verslunarmiðstöðina.

Strætóstöðvar við Rofabæ eru áætlaðar 26 m að lengd og í útfærslu borgarlínustöðva með 30 cm háum kantstein. Fyrir framan og aftan brautarpall er rampi niður að gönguþverun með halla 1:20. Gönguþveranir eru fyrirhugaðar í malbikshæð og kantsteinn lækkaður niður í 2 cm hæð með niðurtekt. Strætóstöðvar við Bæjarbraut eru áætlaðar 12 m að lengd og skulu þær útfærðar í samræmi við leiðbeiningar Strætó.

Aðgengi skal vera fyrir alla á og við almenningsvagnastöðvar og viðeigandi leiðarlínur lagðar eftir leiðbeiningum, bæði á borgarlínu- og strætóstöðvum. Einnig skulu þær lagðar við gatnamót eftir leiðbeiningum.

Fyrirhugað er að nota þau skýli, bekki, ruslastampa, hjólastæði og önnur götugögn sem valin hafa verið af Borgarlínu á almenningsvagnastöðinni við Árbæjarskóla þar sem gert er ráð fyrir að hún verði seinna meir borgarlínustöð . Og í samræmi við val Strætó á almenningsvagnastöðinni við Rofabæ. Líklegt þykir að fyrst um sinn verði borgarlínustöðvarnar útfærðar með götugögnum sem almennt eru notuð fyrir strætóstöðvar.

***ein heild með aðgengi allra***




**Grenndarstöð fær yfirhalningu**

Djúpgámar umluktir gróðurbeðum, upplýst

# AÐDRÁTTARAFL & MANNLÍF

Markmiðið er að skapa **almenningsrými** sem búa yfir aðdráttarafli og eru í senn skjólsæl, aðlaðandi og hönnuð út frá algildri hönnun. Torgið og gatan eiga að mynda eina stóra heild og tvinna saman ólík svæði norðan og sunnan Rofabæjar, frá verslunum í norðri til kirkjunnar í suðri.

Vegleg **almenningsvagnastöð** verður við torgið og í tengslum við hana viðverusvæði uppbyggt með steyptum tröppum sem eru í senn gróðurbeð og sæti. Gestir snúa þá til suðurs og í skjóli frá norðanáttinni. Tækifæri er fyrir innsetningu listar í almannarými og/eða annarra götugagna með ígildi leiks á þessu svæði.

Upphækkuð **gróðurbeð** með innbyggðum bekkjum og lýsingu eru notuð til þess að skapa vistleg og aðlaðandi almenningsrými. Þau eru staðsett milli gönguleiða og malbikaðra flata til að mynda hlýlega og vistlega umgjörð um borgargötuna. Hellulögn skal markvisst notuð til þess að brjóta upp stóra fleti og spinna saman torgsvæði og götur. Lagt er til að **snjóbræðsla** verði sett á torgsvæðið fyrir betra aðgengi. Til að bæta **hljóðvist** við Rofabæ er hægt að setja hljóðvegg við lóðarmörk.

**Setbekkir** skulu vera með reglulegu millibili, að hámarki 100 m, eftir götunni til að auðvelda öllum aldurshópum að ferðast um svæðið. Bekkir eru ýmist sem hluti af gróðurbeðum, sem list í almannarými eða hefðbundnir bekkir. **Stampar** undir úrgang skulu settir reglulega eftir götunni og á torginu. **Grenndarstöðvar** í formi djúpgáma verða staðsettar á torgi norðan Rofabæjar ásamt fleiri gámum sem þykja viðeigandi en eru almennt ekki neðanjarðar.

**Hjólaaðgengi** er bætt eftir borgargötunni með nýjum hjólastígum. Fyrirhugað er að setja drykkjarfont, setsvæði, hjólastæði, pumpu og jafnvel fleiri hjólatengd atriði sem ýta undir að mynda áfangastað fyrir hjólreiðafólk sunnan Rofabæjar. Norðan Rofabæjar verða hjólastæði og jafnvel aðstaða til að hlaða örflæðisfararmáta.

Aðkoma að **bílastæðum** kirkjunnar verður færð til vesturs þegar farið verður í gerð torgsins sunnan Rofabæjar og með því myndast betri tenging milli hins nýja torgsvæðis og núverandi torgs við Árbæjarskóla. Bílastæði í borgarlandi norðan Rofabæjar eru fjarlægð og í stað þeirra verður nú torg fyrir almenning að njóta. Þar myndast tækifæri fyrir rekstur að teygja sig út á torgið og lagt verður upp úr því að mynda skjól fyrir vindi úr norðri og skapa sólríkt viðverusvæði.




*Efnisval á mynd er leiðbeinandi og stemningsgefandi, ekki fastsett hvað varðar liti eða mynstur*






**Grenndarstöð fær yfirhal**

Djúpgámar umluktir gróð

***staður til að mæla sér mót***

# AÐDRÁTTARAFL & MANNLÍF

Markmiðið er að skapa **almenningsrými** sem búa yfir aðdráttarafli og eru í senn skjólsæl, aðlaðandi og hönnuð út frá algildri hönnun. Torgið og gatan eiga að mynda eina stóra heild og tvinna saman ólík svæði norðan og sunnan Rofabæjar, frá verslunum í norðri til kirkjunnar í suðri.

Vegleg **almenningsvagnastöð** verður við torgið og í tengslum við hana viðverusvæði uppbyggt með steyptum tröppum sem eru í senn gróðurbeð og sæti. Gestir snúa þá til suðurs og í skjóli frá




hægt að setja hljóðvegg við lóðarmörk.

**Setbekkir** skulu vera með reglulegu millibili, að hámarki 100 m, eftir götunni til að auðvelda öllum aldurshópum að ferðast um svæðið.




beðum, sem list í almannarými
r undir úrgang skulu settir
nu. **Grenndarstöðvar** í formi
norðan Rofabæjar ásamt fleiri
almennt ekki neðanjarðar.

ötunni með nýjum hjólastígum.
setsvæði, hjólastæði, pumpu og
ta undir að mynda áfangastað
jar. Norðan Rofabæjar verða
aða örflæðisfararmáta.

Aðkoma að **bílastæðum** kirkjunnar verður færð til vesturs þegar farið verður í gerð torgsins sunnan Rofabæjar og með því myndast betri tenging milli hins nýja torgsvæðis og núverandi torgs við Árbæjarskóla. Bílastæði í borgarlandi norðan Rofabæjar eru fjarlægð og í stað þeirra verður nú torg fyrir almenning að njóta. Þar myndast tækifæri fyrir rekstur að teygja sig út á torgið og lagt verður upp úr því að mynda skjól fyrir vindi úr norðri og skapa sólríkt viðverusvæði.




*Efnisval á mynd er leiðbeinandi og stemningsgefandi, ekki fastsett hvað varðar liti eða mynstur*



***staður til að mæla sér mót***



**Grenndarstöð fær yfirhal**

Djúpgámar umluktir gróð


AÐDRÁTTARAFL & MANNLÍF
Markmiðið er að skapa
og eru í senn skjólsæl, aðlaðandi og
Torgið og gatan eiga að mynda eina
svæði norðan og sunnan Rofabæja
kirkjunnar í suðri.
Vegleg almenningsvagnastöð
hana viðverusvæði uppbyggt með
senn gróðurbeð og sæti. Gestir
hægt að setja hljóðvegg við lóðarmörk
Setbekkir skulu vera með reglulegu
götunni til að auðvelda öllum
Aðkoma að bílastæðum kirkjunnar
farið verður í gerð torgsins sunnan
betri tenging milli hins nýja
Árbæjarskóla. Bílastæði í borgarlandi
og í stað þeirra verður nú torg
myndast tækifæri fyrir rekstur að
upp úr því að mynda skjól fyrir
viðverusvæði.
Grenndarstöð fær
Djúpgámar umluktir
staður til að
mót

# LIST Í ALMANNARÝMI



NÆR OG FJÆR er listaverk sem byggir á nokkrum textum um afstæði fjarlægða og tengsl við umhverfið.

Textarnir eru þessir:
ÞAÐ SEM ER NÆRRI - ÞAÐ SEM ER NÆR - ÞAÐ SEM ER NÆST & ÞAÐ SEM ER FJARRI - ÞAÐ SEM ER FJÆR - ÞAÐ SEM ER FJÆRST.

Setningunum tengjast hugtök og óræðir staðir, s.s. sjóndeildarhringurinn, tíminn, flóðið og fjaran, fegurðin, hafið og aldirnar, svo eitthvað sé nefnt.

Verkin eru myndarlegir sethnallar eða áningarstaðir sem settir eru á eða við gönguleiðir og stoppistöðvar borgarlínu við Rofabæ.

Verkið er á hugmyndastigi og bæði textar þess og formgerð geta tekið breytingum vegna staðsetningar og endanlegrar hönnunar umhverfisins.

***afstæði fjarlægða & tengsl við umhverfið***







**Upphækkuð svæði**

Aukið öryggi og aðgengi

# FLÆÐI & SVÆÐI




**Yfirborðsefni**
Yfirborðið í heild sinni er einsleitt en aukinn fjölbreytileiki á yfirborðsefnum einkennir leiðina milli verslunarmiðsvöðvar og kirkju með aukinni litasamsetningu hella, grágrýtisböndum og öðru yfirborði sem brýtur upp svæðið. Þetta á einnig við um önnur svæði sem skulu einnig brotin upp með náttúrusteini og helluböndum. Til dæmis til að afmarka hjólastæði, set- og viðverusvæði eftir gönguleiðinni meðfram götunni, svæði kringum list í almannarými, og umhverfis gróðurbeð svo fátt eitt sé nefnt. Upphækkuð svæði eru hellulögð og hellur notaðar í hraðalækkandi hlykkjum akstursleiða. Þá eru akreinar og hjólastígar malbikaðir.

**Gangandi vegfarendur**
Gönguás frá norðurhluta svæðisins, suður að Árseli og kirkju, þ.e kirkjuleiðin hefur verið styrkt. Hluti þeirrar leiðar er innan þessa verkhluta en hluti er utan. Gönguleiðir eftir borgargötunni eru misbreiðar og tvinnast skemmtilega saman með fjölbreyttum gróðri og misháum gróðurbeðum sem umlykja vegfarendur. Er þetta gert til að lífga upp á upplifun vegfarenda eftir langri, beinni götunni.

Gönguþveranir, gangbrautir og upphækkuð svæði eru vel staðsett þar sem mestur fjöldi gangandi vegfarenda ferðast yfir götuna milli hverfishlutanna norðan og sunnan Rofabæjar sem og vestur og austur yfir Bæjarbrautina.

**Örflæðisferðamátar**
Nýir malbikaðir hjólastígar verða lagðir eftir borgargötunni. Þeir eru næst akbraut en lega þeirra hlykkist smávægilega í takt við hlykki akbrauta. Skemmtilegt verður að hjóla í lifandi umhverfi og upplifunin fjölbreytt eftir götunni og yfir torgsvæðið.

**Vélknúin umferð**
Rofabær og Bæjarbraut eru lykilgötur í hverfinu sem tengja íbúa við ýmiskonar þjónustu. Borgarlínuleið er fyrirhuguð eftir Rofabæ og strætóleið eftir báðum götunum. Núverandi strætóstöðvar á Rofabæ sitt hvoru megin við Bæjarbraut sameinast í eina veglega stöð við frístundamiðstöð, skóla, verslunarrými og hverfismiðjuna.

Yfirborð akbrauta er hækkað upp við nokkur gatnamót með hellulögðu svæði. Með því er leitast við að stýra umferðarhraða og bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Akstursleið hefur einnig verið lögð með hlykkjum til að halda niðri hraða og yfirborðsefni valin þannig að þægilegt sé að aka eftir miðju akreina en yst á þeim séu grófari hellur sem einnig stuðla að lægri hraða. Kantsteinar eru forsteyptir til að ýta undir miðbæjarbrag og hæð þeirra 6 cm yfir malbikshæð og 2 cm yfir upphækkuðum flötum.

***vegfarendur staldra við, líta upp og upplifa***



**Upphækkuð svæði**

Aukið öryggi og aðgengi

# UMFERÐ & GÖTURÝMI




**Gangbrautir og merkingar**
Lagt er til að gangbrautir skuli merktar með steinlögn frekar en málaðar, sama hvort um ræðir á upphækkuðum svæðum eða í malbikshæð. Gangbrautir yfir hjólaleiðir skulu málaðar eftir reglum þar um. Hjólaleiðir skulu merktar með viðeigandi hjólamerkingum samkvæmt leiðbeiningum þar um. Miðlína verður máluð á Bæjarbraut.

**Akreinar**
Leyfilegur hámarkshraði borgargatnanna verður 30 km/klst. Hraðalækkandi aðgerðir eru á um 75 m fresti til að viðhalda lágum hraða. Kúnst er að útfæra hraðatakmarkandi aðgerðir fyrir fólksbíla sem einnig henta Borgarlínuvögnum. Fyrirhugað er að notast við upphækkuð, hellulögð svæði þar sem þau nýtast best gangandi vegfarendum. Upphækkuð svæði verða a.m.k. í lengd Borgarlínuvagna, 26 m, til að auka þægindi ökumanna og farþega. Upphækkuð svæði skulu hellulögð með 10x20x8 cm steinum, lögðum í fiskibeinamynstur.

Akreinar verða samsettar úr malbikuðu yfirborði og hellulögn. Í miðlínu götunnar er 0,5 m breið, kúpt lína og ystu 0,25 m eru einnig hellulagðir en í sama plani og malbik. Slíkt gefur ökumönnum upplifun af þröngri götu en almenningsvagnar komast engu að síður leiðar sinnar.

Akreinar verða í hlykkjum eftir Rofabæ, milli upphækkuðu svæðanna, til að draga úr hraða ökumanna og beina athygli þeirra að umhverfi sínu. Útfærslan er hönnuð í samræmi við danskar hönnunarreglur þar sem blandað er saman þeim stærðum sem henta til hraðalækkunar fólksbíla og þeirra sem hleypa í gegn stærri vögnum. Þá er hellulagt svæði þar sem munurinn milli þessara tveggja stærða liggur.

Innkeyrslur skulu útfærðar þannig að gangandi og hjólandi vegfarendur þveri í hæð og hæðarmismunur tekinn upp sem lækkaður kantsteinn að hluta og rampi að hluta. Sjá dæmi um útfærslu á skjáskoti (efri lína, lengst til hægri). Innkeyrslur sem útfærðar skulu með þessu móti hafa verið merktar á planteikningu án þess að eiginleg útfærsla hafi verið teiknuð inn.

***hraðalækkandi aðgerðir ljúflega***



**Upphækkuð svæði**
Aukið öryggi og aðgen




**Upphækkuð svæði**

Aukið öryggi og aðge




**Óskastígar að veruleika**

Göngu- og hjólaþveranir þar sem eftirspurnin er




**Óskastígar að veruleika**

Göngu- og hjólaþveranir þar sem eftirspurnin er



**Úthugsaðar útfærslur fyrir alla ferðamáta**

Áhugaverðar gönguleiðir, öruggar hjólaleiðir, hraðahindrunarlausar og strætóvænar akreinar




**Úthugsaðar útfærslur fyrir alla ferðamáta**

Áhugaverðar gönguleiðir, öruggar hjólaleiðir, hraðahindrunarlausar og strætóvænar akreinar


**Blágrænar lausnir og gróður**
Gegndræpi aukið og svæði verður grænna



# BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR

Gegndræpi svæðisins er aukið með vali á hellulögn, grasstein og grasi í stað malbiks í dag og mögulegt er að afvatna út í beð á svæðinu.

Landhalli er til suðurs í átt að Elliðaám og er vatnið hefur trikklað ofan í jörðu berst það eftir jarðlögum í átt að ánum. Jafnvel er hægt að nýta tækifæri til að leyfa vatni að renna eftir yfirborði í rás og skapa lifandi umhverfi út frá því.

Lautin er teiknuð með grasi en einnig er mögulegt að útfæra hana með steinilögðu yfirborði eða grasstein. Til að tryggja góða afvötnun er lagt til að drenerandi efni sé undir yfirborðinu, jafnvel í lögum eins og blágæn ofanvatnsbeð eru lögð. Einnig er möguleiki að setja inn leik í formi vatns, s.s. til að hlaupa í gegnum eða busla í. Vanda þarf valið á útfærslu svo ekki myndist moldarflag úr grasi, mold og vatni á svæðinu.

***fagurt og stílhreint yfirborðið hleypir lífi gegnum sig***




**Blágrænar lausnir og gróður**

Gegndræpi aukið og svæði verður grænna

# GRÓÐUR

Gróðurval skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilegan fjölbreytileika. Í nýrri hönnun hefur gróður á svæðinu verið aukinn til muna miðað við aðstæður í dag og skal því haldið. Er það gert til að stuðla að minni loftmengun, binda jarðveg, tempra vind, auka skjól, bæta hljóðvist og hreinsa yfirborðsvatn svo fátt eitt sé nefnt um kosti þess að hafa gróður í umhverfi sínu.

Gróður og gróðurval spilar stóran þátt í hönnun og hefur marktæk áhrif á upplifun torgsins. Áhersla er lögð á fallegan gróður með fjölbreytta eiginleika og ásýnd. Samspil lauffellandi og sígræns gróðurs, fallegra haustlita og mismunandi áferðar myndar hlýlegan karakter og ýtir undir jákvæða upplifun torgsins.

***hlýleiki gróðursins umlykur vegfarendur og grænn dalurinn teygir sig inn á torgið***




## Blágrænar lausnir og gróður

Gegndræpi aukið og svæði verður grænna



# ÁRBÆR

Þessi fyrsti hluti verkefnisins borgargata í Árbæ felur í sér breytingu hluta Rofabæjar og Bæjarbrautar í borgargötu sem og að mynda torg sem upphaf að hverfismiðju sem bæjarbúar vilja sækja og dvelja á sökum staðaranda hennar. Aðrir hlutar verkefnisins eru að halda áfram með borgargötuna eftir Rofabæ til vesturs að Hraunbæ og austurs að Fylkisvegi sem og að mynda áframhaldandi torg suður fyrir Rofabæ að Árseli og Árbæjarkirkju og þannig skapa hverfismiðju þar sem halda megi jólamarkað, 17. júní skemmtun, bændamarkað og hverfishátíðir hvers konar sem og að gefa kirkjunni almennilegt og fagurt kirkjutorg.

Borgargatan og hið nýja torg liggja við eina helstu útivistaperlu borgarinnar, Elliðaárdalinn. Dalurinn einkennist af einstöku umhverfi, fjölbreyttu landslagi og gróðurfari. Einkennist hverfið sjálft þar að auki af mikilli nánd við náttúruna og íþróttaiðkun eins og kemur fram á borginokkar.is.

Sterk tenging verður á milli götunnar, torgsins og dalsins í heildarmynd svæðisins. Sjónás er myndaður frá norðri til suðurs niður að á og er leitast við að teygja gróður frá suðri inn á svæðið. Þá er sjónum beint að kirkjunni þegar ekið er frá norðri til suðurs með breyttri aksturstefnu að gatnamótum Bæjarbrautar og Rofabæjar.

Kirkjan var reist á 9. áratug seinustu aldar en fyrir framan hana er klukknaport og það sem kallað er kirkjutorg. Sólarljósið hefur ráðið mestu um form kirkjunnar og er útsýnið fagurt úr henni yfir Elliðaárdalinn. Form hennar er einfalt og sterkt og efnin látin njóta sín.

Yfirborðsefni á hinu nýja torgi og í borgargötunni verða einnig einföld, fögur og sterk. Þau hafa sterka tengingu við umhverfi sitt en taka hið nýja torg og götu upp á næsta plan. Þá er sérstök áhersla á að mynda almennilegt torg fyrir framan kirkjuna sem tekur vel á móti og heldur utan um kirkjugesti jafnt á gleði- sem sorgarstundum. Tenging er svo mynduð þaðan yfir til Ársels þar sem rými verður fyrir leik og dvöl vegfarenda og skólabarna. Að lokum tengist svæðið sunnan Rofabæjar því norðan megin með samfelldu yfirborðsefni að dvalarsvæði fyrir þá sem m.a. nýta vistvæna ferðamáta, njóta þjónustu verslunarkjarnans og sækja grenndargáma.

Saga hverfisins nær aftur til ársins 1200 og á Árbær sér djúpar rætur. Eftir Rofabænum lá gamla þjóðleiðin inn í borgina og þykir það skemmtilegt leiðarljós við endurhönnun götunnar. Skírskotun í söguna er í efnisvali sem innblásið er af hinu gamla en útfært á móderníska hátt. Íbúar hafa kallað eftir eflingu borgarkjarnans en hinu nýja torgi er ætlað að styrkja hverfismiðjuna við Ársel, kirkjuna og verslunarkjarnann sitt hvoru megin við Rofabæ.

***efling borgarkjarna***






# VEGFARENDUR, SAMSKIPTI, MANNLÍF.

BORGARGATA &
ÁRBÆJARTORG